



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þriðjudaginn 28. febrúar 2017 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Steindór R. Haraldsson, Inga Rós Sævarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Hólanes ehf /Hrafnes ehf. hlutfjárukning.

Fyrir fundinum lá hluthafasamkomulag milli Hólaness ehf og Hrafnes ehf vegna hlutfjárukningar í Hrafnesi. Oddviti gerði grein fyrir hluthafasamkomulaginu og þeim fundum sem haldnir hafi verið með Hrafnhildi Sigurðardóttur frá því hún átti óformlegan kynningarfund með sveitarstjórn 29. janúar sl. Á þeim fundi gerði hún grein fyrir áætlunum Hrafnes ehf um uppbyggingu og fjármögnun á byggingu gistiheimilis að Einbúastíg 3 sem er í eigu félagsins. Hrafnes ehf verður eigandi fasteignarinnar og mun leigja það félagi í eigu Hrafnhildar sem mun reka gistipjónustu.

Hluthafasamkomulagið var yfirfarið af endurskoðanda sveitarfélagsins Davíð Búa Halldórssyni. Tillaga oddvita, varaoddvita og sveitarstjóra sem hafa unnið að málinu á milli funda sé að hlutfjárukning í Hrafnesi ehf verið gerð í gegnum Hólanes ehf sem er 100% í eigu sveitarfélagsins. Því sé lagt til að hlutfé í Hólanesi ehf verði aukið um 13 milljónir króna og Hólanes ehf verði síðan hluthafi í Hrafnesi ehf með 15 milljón króna hlutfjárframlagi samkvæmt hluthafasamkomulaginu. Með því yrði hlutur Hólaness ehf 45,64% í félaginu.

Sveitarstjórn ræddi tillöguna og hluthafasamkomulagið en samþykkti síðan með 5 samhljóða atkvæðum að auka hlutfé í Hólanesi ehf um 13 milljónir á framangreindum forsendum og þeim sem fram koma í hluthafasamkomulaginu.

2. Náttúrustofa Norðurlands vestra.

Fyrir fundinum lá tillaga að samkomulagi um samstarf um Náttúrustofu Norðurlands vestra. Með samkomulaginu ákveða Sveitarfélagið Skagafjörður, Akrahreppur, Húnaþing vestra og Sveitarfélagið Skagaströnd að starfrækja í sameiningu Náttúrustofu Norðurlands vestra (NNV), ásamt öðrum þeim sveitarfélögum á Norðurlandi vestra sem kunna að gerast aðilar að stofunni.

Sveitarfélögin leggja að lágmarki til 30% af rekstrarkostnaði NNV á móti framlagi ríkisins. Framlög sveitarfélaganna skiptast í hlutfalli við íbúafjölda.

Sveitarstjórn ræddi samkomulagið en samþykkti það fyrir sitt leyti og tilnefndi Halldór G. Ólafsson sem fulltrúa sveitarfélagsins gagnvart NNV.

3. Samningur um afritun verndaðra verka

Fyrir fundinum lá bréf Fjöls þar sem gerð er grein fyrir samningi um afritun verndaðra verka. Samningurinn er samkvæmt samkomulagi sem Samband íslenskra sveitarfélaga og Fjöls hafa gert um form og greiðslur vegna samningsins. Fjöls er hagsmunafélag samtaka, sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum sem njóta höfundaréttarverndar sbr. 4. mgr. 26. gr. a í höfundalögum nr.



73/1972 með síðari breytingum. Meðfylgjandi bréfinu var samningur um ljósritun og hliðstæða eftirgerð í sveitafélögum.

Sveitarstjórn ræddi bréfið og samninginn en samþykkti síðan að fela sveitarstjóra að undirrita hann fyrir hönd sveitarfélagsins.

4. Ársreikningur Snorrabergs ehf

Ársreikningur Snorrabergs ehf fyrir árið 2016 lá fyrir fundinum en sveitarfélagið á 49,28% hlut í félaginu á móti Thomsen ehf.

Ársreikningurinn var til kynningar.

5. Vegvísir samstarfsnefndar Samb. ísl. sv.félaga og KÍ.

Í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara var í bókun ákveðið að gera greiningu á því ástandi sem kennarar og stjórnendur hafa lýst að ríki í starfsumhverfi grunnskóla og kalla eftir úrbótum á því. Hverju sveitarfélagi var því falið að fara yfir framkvæmdina með fulltrúum kennara. Hvert sveitarfélag þurfi því að skipa fulltrúa til að fara yfir og leita úrbóta á þeim þáttum sem betur mega fara.

Samþykkt að sveitarstjóri og formaður fræðslunefndar verði fulltrúar sveitarfélagsins í verkefninu. Einnig verði leitað til fræðslustjóra um samstarf við verkefnið.

6. Bréf

a. Uppbyggingarsjóðs Nl.vestra, dags. 1. febrúar 2017

Með bréfinu er gerð grein fyrir að úthlutað hafi verið styrk að upphæð 300.000 kr. í verkefnið „Upplýsingaskilti um gömul horfin hús á Skagaströnd“

Bréfið var til kynningar

b. SSNV, dags. 22. febrúar 2017

Tilfni bréfsins er að minna á að tilnefna þurfi fulltrúa á ársþing Samtaka sveitafélaga á Norðurlandi vestra. Í bréfinu kemur fram hver sé fulltrúafjöldi hvers sveitarfélags og að Sveitarfélagið

Skagaströnd eigi 3 fulltrúa. Sveitarstjórn staðfesti fyrra kjör sitt á fulltrúum sem eru:

Adolf H. Berndsen	til vara	Róbert Kristjánsson
Halldór G. Ólafsson	til vara	Péturína L. Jakobsdóttir
Inga Rós Sævarsdóttir	til vara	Steindór R. Haraldsson

c. Thorp - Þorgeirs Pálssonar, dags. 1. feb. 2017

Með bréfinu býður Þorgeir fram þjónustu sína sem ráðgjafi við stefnumótun í ferðaþjónustu og gerir grein fyrir helstu spurningum og verkferlum.

Bréfið var til kynningar.

d. Björgunarsveitarinnar Strandar, dags. 1. jan. 2017

Með bréfinu er farið fram á að sveitarfélagið styrki Björgunarsveitina Strönd til kaupa á fjórhjóli sem hefur sýnt sig að eru mjög heppileg við leit og björgun í óbyggðum.

Samþykkt að styrkja sveitina um 850 þús. kr.



e. Ísorku – Sigurðar Ástgeirssonar, dags. í feb. 2017

Tilfni bréfsins er að vekja athygli á vaxandi rafbílavæðingu og því dreifineti sem þarf að koma upp svo rafbílur verði raunhæfur kostur. Með bréfinu er hvatt til að sveitarfélagið setji upp hleðslustöð sem því var afhent af Orkusölunni og boðið að tengja stöðina við Ísorku sem er rekstrar og upplýsinakerfi fyrir rafbílaeigendur og rekstraraðila stöðvanna.

Sveitarstjórn ræddi málið en var ekki tilbúinn að kveða uppúr með hvaða leið sé best að fara við uppsetningu, þjónustu og staðsetningu hleðslustöðvar og fól sveitarstjóra að eiga samráð við nágrannasveitarfélög um lausnir og leiðir.

f. N4 – Maríu Bjarkar Ingvadóttur, dags. 7. febrúar 2017

Í bréfinu sem er tölvubréf gerir María Björk grein fyrir stefnu og rekstri sjónvarpsstöðvarinnar N4 og óskar eftir stuðningi sveitarfélagsins við þátturinn „Að norðan“ sem fjallar um menn og málefni á Norðurlandi. Sveitarstjóra falið að ræða við framkvæmdastjóra SSNV og eftir atvikum annarra sveitarfélaga um hvort sameiginlegur áhugi er fyrir kynningarátaki í samstarfi við N4.

g. UMFÍ – Jóns A. Bergsveinssonar, dags. 7. febrúar 2017

Með bréfinu er óskað eftir umsóknnum frá sambandsaðilum og sveitarstjórnnum um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 23. Unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið verður árið 2020 og 9. Landsmóts UMFÍ 50+ sem haldið verður 2019.

Sveitarstjórn ræddi erindið en taldi ekki aðstæður eða aðrar forsendur til umræddra móthalda á Skagaströnd.

7. Fundargerðir:

a. Stjórnar SSNV, 6.02.2017+

Fundargerðin var til kynningar

b. Aðalfundar Róta bs., 25.01.2017

Fundargerðin var til kynningar

c. Stjórnar Hafnasambands Íslands, 23.01.2017

Fundargerðin var til kynningar

d. Stjórnar Sambands ísl sveitarfélaga, 27.01.2017

Fundargerðin var til kynningar

8. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum lið

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 9.20

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

1190-30

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson